

Síðanefnd Blaðamannafélags Íslands

Mál númer 3/2000-2001

Kærandi: Sigríður Snædis Þorleifsdóttir

Kærði: Stöð 2

Kæruefni:

Myndbirting í fréttatíma Stöðvar 2 með undirtitlinum „Leitað“. Málið var kært með bréfi dagsettu 5. febrúar 2001 og var það tekið fyrir á fundum nefndarinnar 26.2., 5.3., 12.3. og 19.3. Karl Garðarsson, fréttastjóri, ritaði nefndinni varnarbréf dagsett 20.2. 2001. Kærandi og Rósa Guðmundsdóttir komu á fund nefndarinnar 5.3. 2001.

Málavextir

Í upphafi fréttarinnar, sem birtist laugardaginn 13. janúar s.l., sagði: „Skiptastjóri gjaldþrota umboðsskrifstofu fyrir listamenn segir eigandann fara huldu höfði en á dögnum stofnaði hann nýtt fyrirtæki á sama sviði. Sumir þekktustu listamanna þjóðarinnar hafa ráðið sér lögfræðing til þess að krefja umboðsmanninn um listaverk sem þeir létu honum í té.“ Síðar í fréttinni segir: „Listamennirnir hafa falið Jónasi Þór Guðmundssyni, lögfræðingi að reyna að endurheimta verkin frá Los Angeles en umboðsskrifstofa Snædisar var úrskurðuð gjaldþrota síðasta sumar. Jónas Þór segir að sér hafi reynst ókleift að hafa upp á Snædís og í sama streng tekur skiptastjóri þrotabúsins Bergsteinn Georgsson... Skiptastjórinn segir Snædís hafa farið huldu höfði og að lögreglunni hafi heldur ekki tekist að ná sambandi við hana. Fréttastofan hefur árangurslaust reynt að ná tali af Snædís Þorleifsdóttur vegna málsins.“ Á meðan inngangur fréttarinnar var lesinn birtist mynd af kæranda með undirtitlinum „LEITAÐ“.

Í framhaldi þessa sendi kærandi fréttatilkynningu til fréttastofu Stöðvar 2 mánudaginn 15. janúar. Í tilkynningunni er staðfest að umboðsskrifstofan sé gjaldþrota og að listaverkin hafi ekki komið aftur til Íslands. Um myndbirtinguna og undirtitlinn segir: „Hvað varðar ummæli þau að mín sé leitað og myndbirting látin fylgja, þá eru það ærumeiðandi og óraunhæfar fullyrðingar?“ Þessi ummæli voru tekin upp óbreytt í fréttum Stöðvar 2 þá um kvöldið. Þá sagði í upphafi fréttarinnar: „Snædis Þorleifsdóttir, eigandi IC-Art hefur sent frá sér yfirlýsingu þar sem hún vísar á bug frétt þess efnis að sín sé leitað.“

Kærandi taldi leiðréttingu Stöðvar 2 ófullnægjandi og kærði því fréttina frá 13. janúar með bréfi dagsettu 5.2. 2001. Í kærinni segir að fréttin hafi verið unnin án þess að hefðbundin rannsókn af hálfu fréttamanns hafi átt sér stað. Ennfremur segir að kæranda hafi verið „lýst sem stórglæpamanni hundeltum af lögreglunni.“ Kærandi telur að kærði hafi brotið ákvæði 3. greinar Síðareglna Blaðamannafélagsins en hún hljóðar svo: „Blaðamaður vandar upplýsingaöflun sína, úrvinnslu og framsetningu svo sem kostur er og sýnir fyllstu tillitssemi í vandasömum málum. Hann forðast allt, sem valdið getur saklausu fólki, eða fólki sem á um sárt að binda, óþarfa sársauka eða vanvirðu.“ Í kærinni er spurt: „Hvenær var farið að birta myndir af fólki sem hefur farið í gjaldþrot með fyrirtæki?“

Í varnarbréfi Stöðvar 2 er farið fram á frávísun málsins þar sem athugasemdum kæranda hafi verið komið á framfæri og honum hafi jafnframt staðið til boða sjónvarpsviðtal en hann hafi hafnað öllum viðtölum. Til vara er krafist sýknu þar sem engar rangfærslur voru í umræddri frétt og hin umdeildu ummæli voru höfð eftir nafngreindum heimildarmönnum.

Umfjöllun

Stöð 2 fer fram á frávísun á þeim forsendum að athugasemdum kæranda hafi verið komið á framfæri með fullnægjandi hætti. Þar sem kæruefnið er einkanlega myndbirting, sem ekki verður leiðrétt með venjulegum hætti, er ekki fallist á að vísa málinu frá.

Myndbirtingar gegn vilja viðkomandi tíðkast einkum þegar sakborningar eru leiddir til og frá rétti eða þegar þeir finnast sekir um tiltekin afbrot. Íðulega eru birtar myndir af opinberum persónum gegn vilja þeirra, t.d. af bankastjórum þegar fjallað er um ásakanir á þá, stofnanir þeirra eða starfsmenn. Í samráði við lögreglu og aðstandendur eru einnig birtar myndir af einstaklingum sem leitað er að. Í siðareglum blaðamanna er hvergi fjallað með beinum hætti um myndbirtingar en í 4. grein segir um nafnbirtingar: „Blaðamenn skulu hafa ríkt í huga hvenær almennt öryggi borgaranna, sérstakir hagsmunir almennings eða almannaheill krefst nafnbirtingar.“

Gera verður þær almennu siðferðiskröfur til þeirra sem verða gjaldþrota að skiptastjórar þrotabúa þeirra eigi jafnan að þeim greiðan aðgang. Skiptastjóri gætir þess að farið sé að lögum við skiptingu þrotabúa. Það er vissulega fréttæmt og getur varðað almenna hagsmuni þegar skiptastjóra tekst ekki að hafa upp á forstöðumönnum þeirra fyrirtækja sem til skipta eru. Í fréttáflutningi Stöðvar 2 er ekkert sem gefur til kynna að kærandi sé stórglæpamaður sem sé hundeltur af lögreglunni. Í fréttinni kom aðeins fram að lögfræðingur listamanna og skiptaráðandi leituðu Snædísar.

Úrskurður

Frétt Stöðvar 2 um að Snædísar Þorleifsdóttur sé leitað telst ekki vera brot á siðareglum Blaðamannafélags Íslands.

Reykjavík 19. 3. 2001



Þorsteinn Gylfason

 

Guðjón Arngrímsson

Hreinn Pálsson



Hjörtur Gíslason



Stefán Eggertsson